

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 19. mars 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 40/148

Mætt

Fundarstjóri	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Fundarritari	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG), fór kl. 14:10 Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Álfheiður Eymarsdóttir (ÁE) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)

Forföll Smári McCarthy (erlendis)

Aðrir fundargestir Oktavía Hrund Jónsdóttir (OHJ)
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, heilbrigðisráðherra kl. 14:15
Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður ráðherra, kl. 14:15

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir nr. 18/148 til 29/148 voru samþykktar án andmæla.

2. Þingstörfin framundan

Mánudagur 19. mars

HHG mun beina fyrirspurn til dómsmálaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum sem og ÞSÆ ef tækifæri gefst til. BLG á þingvakt.

Þriðjudagur 20. mars

Störf þingsins. ÁE, HHG, HM, JPÓ, BLG.

3. Bréf þingflokksformanns

Forseti tilkynnti á fundi að fjármálaráðuneytið muni ekki ná að birta fjármálaáætlun fyrir 1. apríl. Forseti hyggst ekki beita sér í því að fulltrúar í EVN og FN muni fá aðgang að fjármálaáætlun fyrir opinbera birtingu. Einnig var rætt um fjölda fyrirspurna og kostnað við þær. JPÓ lagði til í forsætisnefnd að gerð skuli stjórnsýsluúttekt á hvernig ráðuneyti svara fyrirspurnum og fara með opinbert fé í tengslum við það. Farið yfir dagskrá þingsins á næstum dögum og farið yfir mál. HM ætlar að senda inn beiðni um sérstakar umræður varðandi borgaralaun. Rætt um að héðan í frá þurfi varþingmenn að vera skráðir inn með því að nota rafræn skilríki. ÞSÆ mótmælti því.

4. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir störfum sínum í fastanefndum og forsætisnefnd. Nefndarmenn

forsætisnefndar ætla að leggja fram þál. um breytingar á siðareglum.

5. Nefndir, stjórnir og ráð

Samþykkt að Kristín Vala Ragnarsdóttir verði fulltrúi Pírata í starfshóp um framtíðar orkustefnu. ÞSÆ mun tilkynna ráðuneyti.

Lögð fram tillaga að skipan áheyrnarfulltrúa í þær yfirkjörstjórnir þar sem Píratar eiga ekki fulltrúa. Tímabundinn trúnaður hvílir yfir tillögum þangað til haft hefur verið samband við fulltrúana.

6. Strandveiðar

Umræða um tillögu Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur að AVN flytji tillögu um að tryggja strandveiðibátum 12 veiðidaga í mánuði. Jákvætt tekið í málið.

7. Samstillingarfundur með sveitarstjórnargrúum

ÞSÆ lagði fram tillögu að fundum með starfsfólki flokksins fyrir sveitastjórnarkosningar. Umræða um aðkomu þingmanna að sveitastjórnarkosningum.

8. Gestir

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra sótti fundinn kl. 14:15 ásamt Orra Pál Jóhannssyni, aðstoðarmanni ráðherra.

Ráðherra kynnti áhersluatriði sín á komandi kjörtímabili og svaraði spurningum og athugasemdum þingmanna Pírata.

9. Önnur mál

- *Leitin að Hauki Hilmarssyni*

ÞSÆ leggur til að utanríkisráðherra verði hvattur til að efla leitina að Hauki Hilmarssyni í Afrin. Búið að óska eftir viðveru ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma.